

Skipulag

Fundarboðandi:	Þóra Jónasdóttir	Fundarstaður:	Teams
Fundarstjóri:	Þóra Jónasdóttir	Dagsetning:	11. ágúst 2025
Fundarritari:	Þórður Heimir Sveinsson	Fundartími:	11:00 - 12:15
Þátttakendur:	Þóra Jónasdóttir (Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnun), Berglind Helga Bergsdóttir og Harpa Luisa Tinganelli (sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)		

Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun fiski- og laxalús

Umræða

- a. Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar vegna fiski- og laxalúsar á eldislaxi með Alpha Max vet (deltametrin) í baðlaun fyrir allar 4 kvíar á Steinanesi, Arnarfirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samhljóma niðurstöðu út frá fyrirliggjandi gögnum, núverandi stöðu og þróun að mæla með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Fisksjúkdómanefnd bendir á eins og áður hefur komið fram, að þegar lúsatölur á laxi í sjókvíum fara hækkandi sé mikilvægt að taka sýni nægilega snemma til að niðurstöður ónæmisgreiningar liggi fyrir áður en umsókn um lyfjameðferð berst Matvælastofnun. Jafnframt að eldisfyrirtæki hugi tímanlega að slátrun fiska sem komnir eru í sláturstærð áður en í óefni er komið svo komast megi hjá meðhöndlun með lyfjum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:00